

Aðalfundur 1996
haldinn á 14. hæð í Húsi verslunarinnar
31. janúar 1996, kl. 15:00

Formaður setti fund og stakk upp á Jóhanni Gunnarssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt einróma.

1. Skýrsla formanns fyrir árið 1995

Haukur Oddsson, formaður hóf mál sitt á þessum orðum: „Enn er liðið viðburðaríkt ár í sögu Skýrslutæknifélags Íslands.“ Kvað hann stjórnina í upphafi árs hafa sett fram eftirfarandi yfirmarkmið eða leiðarljós: „Skýrslutæknifélag Íslands - félag fólks í upplýsingatækni - er málsvári fagsins á öllum sviðum. Félagið er vettvangur umræðna og skoðanaskipta um upplýsingatækni í því skyni að gera veg hennar sem mestan og stuðla að skynsamlegri notkun hennar.“ Til að sinna hlutverkinu voru sett fram nokkur áhersluatriði sem formaður fór yfir í skýrslu sinni sem og störf stjórnar á kjörtímabilinu. Að lokum þakkaði formaður félagsmönnum í trúnaðarstörfum vel unnin störf á árinu, einkum var þeim þakkað sem nú voru að hverfa úr stjórn. Sjá nánar - fskj. #1.

Viðauki við skýrslu formanns með ýmsum tölulegum upplýsingum um starfið á árinu fylgir hér með - fskj.#2.

2. Skýrslur nefnda og faghópa

2.1. Ritnefnd. Svanhildur Jóhannesdóttir og Gísli Ragnarsson fórum nokkrum orðum um það gífurlega starf sem afar fámennri ritnefnd er ætlað að vinna og óskuðu eftir almennum umræðum undir liðnum "Önnur mál". Tölulegar upplýsingar - fskj.#2.

2.2. Orðanefnd. Sigrún Helgadóttir, formaður flutti skýrslu um störf nefndarinnar á árinu - fskj. #3. Stefán Briem, ritstjóri skýrði frá framkvæmdaáætlun fyrir 3. útgáfu tölvuorðasafns - fskj. #4, og svaraði fyrirspurnum áhugasamra fundarmanna.

2.3. Faghópur um hlutbundna hugbúnaðargerð. Hópurinn hefur ekkert starfað og liggur fyrir að leggja hann niður.

2.4. Faghópur um öryggi og endurskoðun tölvukerfa. Fulltrúar hópsins og stjórnar SÍ eru að undirbúa ráðstefnu um öryggi í viðskiptum á Interneti sem halda á 16. febrúar 1996.

2.5. Faghópur um greiningu og hönnun hugbúnaðarkerfa. Laufey Ása Bjarnadóttir skýrði frá starfinu, sem var blómlegt fyrri hluta ársins - fskj. #5.

2.6. Fagráð í upplýsingatækni. Halldór Kristjánsson skýrði fundarmönnum frá væntanlegu stjórnarkjöri þar.

2.7. Tölvunefnd. Haukur Oddsson hvað áhugavert að starfa í Tölvunefnd fyrir hönd félagsins, þar væri starfað faglega, enda starfið umfangsmikið, fjöldi mála á árinu var 350. Í undirbúningi er norrænt þing tölvunefnda sem halda á næsta sumar á Höfn í Hornafirði.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 1995

Bjarni Ómar Jónsson, féhirðir stjórnar, lagði fram endurskoðað reikninga félagsins, las áritanir og fór yfir reksturs- og efnahagsreikning. Tekjur umfram gjöld á árinu voru kr. 745.894. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða. Fylgja þeir hér með sem fskj.#6.

4. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 1996

Fyrir fundinum lá tillaga frá stjórn um að hækka félagsgjöld um 2,5% frá því sem verið hefur undanfarin þrjú ár. Tillagan byggði á fjárhagsáætlun sem dreift var á fundinum og fylgir hér með - fskj. #7. Var tillagan samþykkt einróma og verða því félagsgjöld 1996: Fullt gjald kr. 12.500, hálf gjald kr. 6.250, fjórðungsgjald kr. 3.125.

4.1. Lagðar voru fram tillögur frá Birni Gunnarssyni og Hauki Oddssyni um að félagsmenn á eftirlaunum greiði fjórðungjald til félagsins og að stofnfélagar verði undanþegnir félagsgjöldum þegar þeir fara á eftirlaun. Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

5. Stjórnarkjör.

Skv. samþykktum félagsins átti að kjósa í embætti varaformanns, féhirðis og skjalavarðar. Tillögur lágu fyrir um eitt nafn í hvert þessara embætta og voru þær samþykktar samhljóða. Var Douglas Brotchie kjörinn varaformaður til tveggja ára, Laufey Erla Jóhannesdóttir kjörin féhirðir til tveggja ára og Hulda Guðmundsdóttir kjörin skjalavörður til tveggja ára. Þá þurfti að kjósa í embætti ritara og meðstjórnanda til loka kjörtímabils. Þórður Kristjánsson var samhljóða kjörinn ritari til eins árs og Heimir Sigurðsson samhljóða kjörinn meðstjórnandi til eins árs. Varamenn til eins árs voru samhljóða kjörnir Óskar B. Hauksson og Sæmundur Sæmundsson.

6. Kosning tveggja endurskoðenda

Jakob Sigurðsson og Sigurjón Pétursson voru einróma endurkjörnir.

7. Önnur mál

7.1. Tölvumál. Gísli Ragnarsson hvað ritnefnd vilja heyra í félagsmönnum um blaðið, hvernig þeim þætti til hafa tekist. Haukur Oddsson lýsti vilja á að hefja stefnumörkunarumræður um blaðið. Douglas Brotchie vildi halda sömu stefnu í útgáfumálum og halda sömu dreifingu. Sérstaða okkar er að vera hlutlaus og við eigum ekki að láta samkeppni hafa áhrif. Jóhann Gunnarsson hvað blaðið gott, í því væri fagleg umfjöllun. Hann hvað þó ekki skaða að hafa það til sölu á stöku stað. Heimir Sigurðsson stakk upp á að ein síða verði helguð starfsemi félagsins, það væri söguleg heimild. Laufey Ása Bjarnadóttir stakk upp á að bókasöfn fengju Tölvumál á tölvutæku formi. Douglas Brotchie taldi að við ættum að stefna að því að allt efni sem félagið gefur út verði aðgengilegt á Interneti. Örn Kaldalóns hvað félagið ekki þurfa að óttast samkeppni. Nýtt blað á markaðnum höfðaði til miklu þrengri hóps en Tölvumál og benti á fjölda stórtölvunotenda hér á landi sem dæmi. Fundurinn lýsti þannig almennt velþóknun með störf ritnefndar og vill að hún haldi áfram á sömu braut þó sú braut megi þróast nokkuð.

7.2. Tölvuorðasafn. Laufey Ása Bjarnadóttir benti á nauðsyn þess að gefa 3. útgáfu tölvuorðasafns á tölvutæku formi.

7.3. Stefnumörkun ríkisstjórnar. Jóhann Gunnarsson benti stjórn á að athuga með hvaða hætti mætti virkja félagið í tengslum við stefnumörkun sem verið er að vinna að á vegum ríkisstjórnarinnar. Má t.d. halda fund eða ráðstefnu um málið þar sem fulltrúi félagsins í stefnumörkunarnefndinni gæti gert grein fyrir störfum hennar. Félagsmenn hefðu að líkindum sitthvað fram að færa. Sigrún Helgadóttir sagði að tilraunir hefðu verið gerðar til að fá stjórnvöld til að taka eitthvað af starfsemi orðanefndar upp á sína arma. Ef verið er að móta stefnu þarf að sjá til þess að til sé íslenskur orðaforði og skilgreiningar. Haukur Oddsson hvað félagið halda á lofti þerri skoðun að menntun sé meginundirstaða skynsamlegrar stefnu í upplýsingatækni og minnti á ráðstefnuna „Skólastarf og upplýsingatækni“ sem félagið mun halda næsta sumar í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands og Félag tölvukennara.

Fleira var ekki rætt.

Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum góða þátttöku í fundarstörfum og sleit fundi.

Ritarar:

Formaður:

Svanhildur Jóhannesdóttir
Douglas Brotchie

Haukur Oddsson

Fundinn sátu:

Bjarni Ómar Jónsson, Reiknistofu bankanna
Douglas Brotchie, Reiknistofnun Háskólans
Gísli Ragnarsson, Bestun hf.
Halldór Kristjánsson, Tölvu- og verkfræðipjónustunni
Haukur Oddsson, Íslandsbanka
Heimir Sigurðsson, Opnum kerfum hf.
Hulda Guðmundsdóttir, Ríkisspítulum
Ingibjörg Jónasdóttir, Búnaðarbanka Íslands
Jóhann Gunnarsson, Fjármálaráðuneytinu
Kristján Arnþórsson, Reiknistofu bankanna
Laufey Ása Bjarnadóttir, Mjólkursamsölunni
Sigrún Helgadóttir, Hagstofu Íslands
Stefán Briem, Skýrslutæknifélagi Íslands
Svanhildur Jóhannesdóttir, Skýrslutæknifélagi Íslands
Sveinn Kjartansson, Námsgagnastofnun
Sæmundur Sæmundsson, Tölvumiðstöð sparisjóðanna
Þórður Kristjánsson, Skólaskrifstofu Reykjavíkur
Örn Kaldalóns, Nýherja hf.

Fylgiskjöl með fundargerð þessari:

Fskj. #1 - Skýrsla formanns fyrir árið 1995
Fskj. #2 - Viðauki við skýrslu formanns fyrir árið 1995
Fskj. #3 - Skýrsla orðanefndar
Fskj. #4 - Framkvæmdaáætlun fyrir 3. útgáfu tölvuorðasafns
Fskj. #5 - Skýrsla Faghóps um greiningu og hönnun hugbúnaðarkerfa
Fskj. #6 - Reikningar félagsins fyrir árið 1995
Fskj. #7 - Fjárhagsáætlun fyrir árið 1996